

Umsögn Sambands íslenskra framhaldsskólanema um 81. mál á 154. löggjafarþingi.

Við viljum byrja á að þakka fyrir umsagnarbeiðnina, þar sem rödd nemenda gleymist oft í umræðunni, þá sérstaklega þegar kemur að lagafrumvörpum.

Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) styður þetta frumvarp heilshugar. Við teljum þó að frumvarp þetta megi líkja við lítinn plástur á alltof stórt sár. Já, þetta vissulega bætir hlutina en málið er að nám verður dýrara og dýrara með hverju skólaári og fer meira og meira í þá átt að einungis takmarkaður hluti fólks hefur efni á að stunda nám.

SÍF fagnar þessu frumvarpi, þó það sé engin töfralausn, og teljum við að það muni hjálpa nemendum og er þetta góð byrjun á mjög brýnum og nauðsynlegum breytingum á menntakerfi Íslands. Við fögnum líka að frumvarpið beinir athyglinni á stöðu menntamála á Íslandi, en staða þeirra er ekki góð.

Vonum við að þetta frumvarp verði að veruleika og þökkum fyrir umsagnarbeiðnina. SÍF er tilbúið til samráðs og aðstoðar, t.d. að koma með ábendingar, ef háttvirt nefnd óskar eftir því.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd stjórnar Sambands íslenskra framhaldsskólanema  
Daníel Þróstur Pálsson og Eva Karen Jóhannsdóttir.